Samfélagsgreinar

# Áfangaval haust 2026

# Menningarlæsi – MELÆ1ML05

- **Undanfari:** Enginn, nemendur á fyrstu önn fara yfirleitt í þennan áfanga.

- **Námsmat:** Símatsáfangi. Fjölbreytt verkefni, bæði einstaklings- og hópverkefni.

- **Kennslubækur:** Engin kennslubók, námsefnið, bæði glærur, lesefni alls konar er á Moodlesíðu áfangans. Mikið af stuttum myndum um menningartengd efni.

- **Af hverju þessi áfangi:** Fjallað er um menningu í víðum skilningi, læsi, mannréttindi, trúarbrögð jafnrétti, stjórnmál og ótal margt fleira. Gagnlegur áfangi. Og mikilvægur auðvitað!






# Félagsfræði Félagsfræði (FÉLA2MS05)

- · Hvað er félagsfræði?
- · Búa til rannsókn
- · Ráða erfðir eða umhverfi hvernig við erum og högum okkur?
- · Menning og fordómar
- · Mismunandi samfélög – frumbyggjar
- · Mismunandi trúarbrögð
- · Fjölskyldur í samfélaginu
- · Mismunandi sambúðarform
- · Jafnrétti
- · Atvinna og atvinnulíf
- · Stjórnmál
- · Alþingi
- · Forseta íslenska lýðveldisins. Dæmi um lokaverkefni: Nemendur kynna verkefni að eigin vali á viðburði þar sem vinir, kunningjar og foreldrar eru velkomnir.











# FÉLAGSFRÆÐI ÞRÓUNARLANDA – FÉLA3SÞ05

- **Undanfari: FÉLA2FA05 eða sambærilegur áfangi**
- **Námsmat: Símat**
- **Kennslubækur: Ríkar þjóðir og snauðar**
- **Af hverju þessi áfangi?**
- Höfða þróunarlönd til þín?
- Hjálparstarf dýra og manna?
- Þróunarsamvinna?
- Fátækt bæði á Íslandi og erlendis?
- Staða flóttamanna?
- Stríðsástand í heiminum?

# STJÓRNMÁLAFRÆÐI – FÉLA3SE05

- **Undanfari: FÉLA2MS05**
- **Námsmat: Próf á Moodle og ýmis önnur verkefni.**
- **Kennslubækur: Stefán Karlsson: Stjírnmálafræði.**
- **Af hverju þessi áfangi? Grundvallaráfangi til skilnings á helstu stjórnmálastefnum og hugmyndafræði samtímans. Íslensk stjórnmál tekin fyrir, flokkarnir skoðaðir sem eiga sæti á Alþingi. Lýðræðið, Alþingi, ESB og margt fleira.**








# SAGA2NM05

- **Undanfari: SAGA2SÍ05**

- **Námsmat:** Símatsáfangi, en nokkur próf eru á Moodle kennsluvefnum. Annars nokkur styttri verkefni, stundum kynningar nemenda.

- **Kennslubækur:** Gunnar Karlsson og fleiri: Fornir tímar. Að auki ýmislegt efni á vefnum.

- **Af hverju þessi áfangi?** Gagnlegur áfangi fyrir þá sem vilja skilja samhengi sögunnar. Þetta er yfirlitsáfangi, farið hratt yfir sögu en ákveðin tímabil skoðuð betur.






# SAGA3AM05 Saga miðausturlanda

- Saga Miðausturlanda í nútíð og fortíð. Hvernig ríkin urðu til í byrjun 20. aldar, stofnun Ísraels, afskipti Breta og síðar Bandaríkjanna í þessum heimshluta. Stríð og átök í gegnum tíðina, m.a. af nýlegum stríðum í Palestínu og í Íran. Áhrif íslam á stjórnmál í löndum Miðausturlanda, öfgahreyfingar, staða kvenna í hinum ýmsu löndum, áhrif  hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. sept. 2001 og ýmislegt fleira.

- **Símatsáfangi með allskyns verkefnum, stuttum skilaverkefnum, kynningum nemenda og kennara.**

















# SAGA3EM05 MENNINGARSAGA

- Menning fornþjóða, einkum Grikklands
- og Rómverja. Bókmenntir, arkitektúr,
- leiklist, heimspeki ofl. Miðaldamenning,
- upphaf kirkju, íslömsk menning,
- endurreisn, barokk og listastefnur á 19. öld.

# UPPE2UK05

- **Undanfari: Enginn**
- **Námsmat: Símat**
- **Kennslubækur: Uppeldi - Kennslubók fyrir framhaldsskóla**
- **Af hverju þessi áfangi?**
- Hefur þú áhuga á að vinna með börnum og/eða unglingum?
- Læra um samskipti í vinahópum, íþróttafélögum og fjölskyldum?
- Hvernig birtast kynhlutverk í fjölskyldum, fjölmiðlum, auglýsingum og barnaefni?
- Fyrirmyndir hvernig eiga þær að vera? Þjálfarar, foreldrar, vinir, systkini
- Hvernig á að velja leikskóla, íþróttir, tómstundir, næringu fyrir börn og unglinga?
- Reglur, útivist, símanotkun...........








# UPPE3MU05

- **Undanfari:**
- **UPPE2UK05**
- **Námsmat:**
- **Fjölþætt símat (ekkert lokapróf)**
- **Kennsluefni:**
- **Greinar og glósur frá kennara**
- **Af hverju þessi áfangi?**
- Frábær undirbúningur fyrir allt nám og starf sem unnið er með börnum og unglingum.
- Eykur víðsýni, skilning og þekkingu.
- Æfing í að setja sig í spor annarra.
- Skerpir á gagnrýnni hugsun og hæfni til að rökstyðja skoðanir sínar.









# ÞROSKASÁLFRÆÐI – SÁLF2SÞ05

**Undanfari:**

Enginn undanfari

**Námsmat:**

Símat – verkefni og lotupróf

**Kennslubækur:**

Þroskasálfræði eftir Aldísi Önnu Guðmundsdóttur

**Af hverju þessi áfangi?**

Þessi áfangi er í kjarna á Íþrótta- og lýðheilsubraut sem og á sjúkraliðabraut. Áfanginn er gagnlegur öllum sem hafa áhuga á að vinna með börnum eða hafa áhuga á þroskaferli mannsins.

**Við pælum m.a. í þessum í spurningum í áfanganum:**

- Hvað er greind?
- Af hverju eru börn svona sjálflæg?
- Hvernig þroskast sjónskynjun?
- Af hverju skipta tengsl við annað fólks svona miklu máli?
- Hvernig þroskast sjálfsstjórnun?
- Hvernig förum við að því að læra að tala?



# SÁLF2SF05 – Inngangur að sálfræði

**Undanfari:**

Enginn undanfari

**Námsmat:**

Símat – verkefni og lotupróf

**Kennslubækur:**

Inngangur að sálfræði eftir Kristján Guðmundsson og Lilju Ósk Úlfarsdóttur

**Af hverju þessi áfangi?**

Þessi áfangi er gagnlegur öllum þeim sem vilja skilja grunnforsendur fyrir hegðun mannsins. Fjallað er sérstakleg um mótun hegðunar, minni og hugræna úrvinnslu.

**Við pælum m.a. í þessum í spurningum í áfanganum:**

- Hvað hefur áhrif á hegðun?
- Af hverju er skammtímaminnið takmarkað?
- Eru falskar minningar til?
- Af hverju verður kötturinn minn spenntur þegar hann heyrir mig opna matarskúffuna?
- Gagnast gervigreind í sálfræðirannsóknum?



# Afbrigðasálfræði – SÁLF3GG05

**Undanfari:**

SÁLF2SF05 eða SÁLF2SÞ05

**Námsmat:**

Símat

**Kennslubækur:**

Efni frá kennara

**Af hverju þessi áfangi?**

Þessi áfangi fjallar um geðheilbrigði, geðraskanir og hvernig hægt er hægt að rækta geðheilsuna.

**Við pælum m.a. í þessum í spurningum í áfanganum:**

- Hvað eru geðraskanir?
- Af hverju er kvíði svona algengur?
- Hvernig er hægt að láta sér líða betur?
- Hvað er eiginlega líkamsskynjunarröskun?

# HEIMSPEKI - HEIM2HK05



- **Undanfari:**
- **Enginn**
- **Námsmat:**
- FJölþætt símat (ekkert lokapróf)
- **Kennslubækur:**
- Heimspeki eftir Martin Levander
- **Af hverju þessi áfangi?**
- Geggjað að geta sett fram skoðanir sínar og rökstutt þær.
- Eflir víðsýni og skilning.
- Lærum að hlusta, vega og meta ólík málefni og mynda okkur skoðanir.
- Lærum að taka þátt í heimspekilegum samræðum - rökræðum.



# Kynheilbrigðisáfangi KYN2KH05

- **Undanfari:**
- Enginn undanfari
- **Námsmat:**
- Símat – verkefni og lotupróf
- **Kennslubækur:**
- Efni frá kennuru,m
- **Af hverju þessi áfangi?**
- Í þessum áfanga fræðumst við um mörk, samþykki, samskipti, kynlíf, heilbrigði, traust, nánd og skemmtun. Allt sem viðkemur kynlífi fólks á einn eða annan hátt.



# KYNJAFRÆÐI – KYNJ2KJ05

- Í kynjafræði er fjallað um sögu jafnréttisbaráttu og stöðu jafnréttismála í samtíma okkar.
- Meðal viðfangsefna: Kynjatvíhyggja, karlmennska, kvenmennska, kynsegin og hinsegin, kyn í fjölmiðlum, klám og klámvæðing og margt fleira.
- Námsmat: Símat, fjölbreytt verkefnavinna
- Forkröfur: Fimm einingar í íslensku á 2. þrepi
- Áfanginn er einnig í boði í fjarnámi.

